



Flugslysaæfing Vestmannaeyjaflugvelli 9.-11. september 2021 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjórn	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Æfingastjórn	5
3.2	Ráðgjafar	5
3.3	Þátttaka	5
3.4	Handrit æfingarinnar og vettvangur.....	5
3.5	Veður	6
3.6	Myndir frá æfingunni.....	6
4	Rýni.....	8
4.1	Rýnifundur	8
4.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	10
4.2.1	Almannavarnir (1).....	10
4.2.2	Isavia (5).....	10
4.2.3	Rauði Krossinn (1).....	11
4.2.4	Slysavarnafélagið Landsbjörg (1)	11
4.2.5	Samhæfingarstöð	11
4.2.6	Leikarar	11
4.3	Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar.....	12
4.3.1	Það sem vel var gert	12
4.3.2	Það sem betur hefði mátt fara	14
4.3.3	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?	16

1 Frá æfingastjórn

Það að undirbúa og framkvæma æfingu á tímum heimsfaraldurs er áskorun. Æfingum ársins 2020 hafði öllum verið frestað fram til 2021 en þegar líða tók á árið var ljóst að Covid 19 myndi enn á ný hafa áhrif á æfingar ársins. Æfingar sem vanalega eru tvær og tvær að sumri og vetri, færðust yfir á haustið, eða samtals þrjár æfingar þar sem ákveðið var að færa til haustsins en þá fjórðu yfir á næsta ár.

Undirbúningur hófst í júní enda staða faraldursins þá orðinn betri. Staða faraldursins átti síðan eftir að versna að nýju þegar leið á sumarið og að lokum var æfingin haldin með ákveðnum takmörkunum og var lokaæfingin einungis með fyrsta viðbragði, eða flugvallarþjónustu Isavia og Slökkviliði Vestmannaeyja. Björgunarfélagið æfði síðan sín viðbrögð sér sama dag.

Æfingastjórn þakkar fyrir gott samstarf og góðan sveigjanleika heimamanna sem gerðu okkur kleift að halda æfinguna með þessum hætti.

15. nóv. 2021

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir, verkefnastjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia / æfingastjóri

2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Upphaflegt markmið æfingarinnar í Vestmannaeyjum var að æfa flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og samvinnu milli viðbragðsaðila. Sökum stöðu á Covid á æfingartímanum þurfti að draga úr fjölda þátttakenda í stóru verklegu æfingunni og úr varð að æfa sér samvinna starfsmanna Isavia og slökkviliði Vestmannaeyja. Eins æfði Björgunarfélag Vestmannaeyja hópslys í fjallendi við flugvöllinn sama dag.

3 Undirbúningur og framkvæmd

Óljóst var búið að vera lengi framan af ári hvort af yrði af einhverjum æfingum á árinu. Fyrsti fundur með heimamönnum var staðfundur í Vestmannaeyjum 28. júní. Æfingin átti að vera haldin í kringum miðjan september á hefðbundin máta án takmarkana en síðar um sumarið jókst fjöldi smita og lengi ekki ljóst hvort væri hægt að gera nokkuð. Þegar grænt ljós var gefið á æfinguna var hún þá undirbúin á skömmum tíma í góðri samvinnu við heimafólk en allir gerðu sitt besta miðað við þann stutta tímaramma sem var til stefnu. Æfingin í Vestmannaeyjum yrði með takmörkunum og var fyrsta æfingin þar sem vinna þurfti í kringum Covid, færa þurfti fundi og fræðslu í fjarfundi, aðskilja hópa eftir fremsta megni og fleiri atriði til þess að draga úr smithættu. Það er ljóst að þetta var heilmikil áskorun, enda verið að slíta æfingabætti aðeins í sundur en samt hafa æfinguna þannig að allir fengu góða fræðslu og þjálfun. Tímasetningar fræðslu voru gerðir í samráði við tengiliði hversrar einingar fyrir sig.

Eftirfarandi dagskrá var höfð að leiðarljósi.

Dagskrá Vestmannaeyjar 2021

Fimmtudagur 9. september

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Vestmannaeyjaflogvelli Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

11:00 Stöðufundur ráðgjafa
Staðsetning: Flugvöllur og fjarfundur
• Samræming
• Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
• Uppsetning vettvangs

13:00-15:00 Fjarfræðsla fyrir AST fyrir aðgerðastjórn. *Ragnvaldur AVD*
[Click here to join the meeting](#)
• Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.
• Verkbáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.
• Umræður: Brottfletningur slasaðra

13:30 – 15:00 Bráðaflokkun og áverkamat – fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk
Staðsetning: Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum *Tryggvi LSH*

15:00-16:30 Rannsóknarnefnd samgönguslysa með lögreglu. *Porkell RNSA*
Staðsetning: Lögreglustöð

16:30 – 18:00 Bráðaflokkun og áverkamat – fræðsla f. heilbrigðisstarfsfólk
Staðsetning: Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum *Tryggvi LSH*

17:00-18:00 Rannsóknarnefnd samgönguslysa með Isavia og Slökkvilið. *Porkell RNSA*
Staðsetning: Björgunarsveitahús

17:00-18:00 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðsainingar. *Álfheiður RÍ*
Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.
<https://zoom.us/j/9505806554?pwd=eXlnaEh0T002WFVlZmR5bTE1NU12UT09>
Meeting ID: Passcode: 654456

19:30-21:30 Setning æfingar – Allir þátttakendur - Fjarfundur á Teams
[Click here to join the meeting](#)

Dagskrá:
• Kynning, tilgangur flugslysaæfinga *Elva Isavia*
• Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur *Friðjón AVD*
• Almenn um skipulag í hópsslysum (SÁBF) *Friðfinnur Isavia*
o Hverjar eru hvar og helstu hlutverk
o SST, AST, VST
• Flæði slasaðra frá slyssað að sjúkrahúsi *Tryggvi LSH*
• Rannsókn flugslysa og vermdun gagna *Birkell RNSA*
• Kynning á verkefnum Rauða krossins *Aðalheiður RÍ*
• Almenn um fjarskipti, fjarskiptaáætlun, gættun *Brandur/Karen*

1/2

Föstudagur 10. september

09:30 Stöðufundur ráðgjafa
Staðsetning: Flugvöllur og fjarfundur
• Samræming
• Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
• Uppsetning vettvangs

11:00-12:00 Aðgerðagrunnur – Fjarnámskeið *Karen SL*

14:00 – 16:00 Aðhlyningastjórafræðsla f. heilbrigðisstarfsfólk *Tryggvi LSH*
Staðsetning: Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum

17:30-19:30 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra *Isavia / AVD*
Staðsetning: Björgunarsveitahús
Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.
Allir taki með teyrastöðvar og handfrjálstan búnað.

20:00-21:30 Flugslysavettvangur og flugvélaeldur fyrir Slökkvilið og Isavia. *Magnús Orri Isavia*
Staðsetning: Björgunarsveitahús

20:00-22:00 Bráðaflokkun og hópsslys fyrir Björgunarfélag Vestmannaeyja *SL*

Laugardagur 11. september

10:00 Æfing Isavia og slökkviliðs – Starfsmenn Isavia á flugvelli og slökkvilið.
Staðsetning: Flugvöllur
Boðun – Aðkoma að vettvangi – Slökkvistörf – Flutningur
Rýnifundur vegna slökkviefingar í lok æfingar

14:00 Æfing Björgunarfélags Vestmannaeyja *Arnór BV*
Flugslysaæfing í brattlendi, björgun, bráðaflokkun og umsjón á söfnunarsvæði slasaðra.
Rýnifundur í húsnæði björgunarsveitar að lokinni æfingu.

2/2

Fjölbreytt fræðsla var í boði fyrir einingar flugslysaáætlunarinnar

- Fjarfræðsla fyrir aðgerðastjórn
- Rannsókn á vettvangi og rannsóknarhagsmunir
- Bráðaflokkun og áverkamat
- Kynning á flugslysaæfingum og flugslysum
- Flugslysavettvangur og flugvélaeldur
- Aðgerðagrunnur
- Sálrænn stuðningur
- Hlutverk aðhlyningarstjóra
- Bráðaflokkun
- Flæði slasaðra frá slyssað og að sjúkrahúsi
- Fjarskipti og fjarskiptaáætlunir
- Skipulag í hópsslysum

3.1 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia og fulltrúum almannavarna ríkisins.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn	Halldór Hólm Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

3.2 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning, leiðbeina, fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Grétar Karlsson Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Guðbrandur Lárusson (vettvangur)
Ráðgjafi	Þórður Þórðarsson (vettvangur)
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson Isavia (fræðsla)
Ráðgjafi	Tryggvi Hjörtur Oddsson LSH
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Jóhannes Ólafsson lögreglan (tengiliður heimamanna)
Ráðgjafi	Þorkell Ágústsson RNSA
Ráðgjafi	Guðbrandur Ö. Arnarsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Karen Ósk Lárusdóttir Slysavarnafélagið Landsbjörg

3.3 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á æfingunni var um 50 manns.

3.4 Handrit æfingarinnar og vettvangur


Q200 vél frá flugfélaginu FlyNoMore á leið frá Akureyri til Vestmanneyja með 24 farþega um borð. Vélin er í leiguflugi með ferðamenn af skemmtiferðaskipi.

Kl. 10:00 Vélin er aðflugi að Vestmannaeyjaflugvelli braut 21. Flugstjóri hefur samband við flugturn með eftirfarandi upplýsingar. Mayday Mayday Mayday, vökvakerfi flugvélarinnar óvirkt 3200 kg af eldsneyti og 24 farþegar um borð. Engin stjórnun á flöppsum.

Vélin lendir innanlega á brautinni, hjólastell brotnar og vélin snýst á brautinni, eldar kvikna og flugvélin endar brotin í nokkrum hlutum utan brautar við brautarenda 03.

Mynd af staðsetningu og hvernig hann var uppbyggður má sjá hér að neðan.

Brautarendi 03 og skiptist verkefnið í 3 eldsverkefni og 2 klippiverkefni. Auk þess var hluti af braki víðsvegar.



3.5 Veður

Gott veður var á æfingadaginn, smá væta og þoka voru um morgunin en þegar æfingin hófst var bjartur og fallegur dagur.

3.6 Myndir frá æfingunni

Myndir frá æfingunni voru settar á Facebook síður Flugslysaæfinga og má nálgast þær hér;

<https://www.facebook.com/flugslysaefingar>




4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið er framkvæmt á þrennan hátt, en með þeim hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram;

1. Vettvangsrýni ráðgjafa.
2. Stuttur samantektarfundur er að lokinni æfingu.
3. Öllum þátttakendum er boðið að rýna aðgerðina rafrænt.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.



4.1 Rýnifundur

Í lok skrifborðsæfingar var rýnifundur með öllum aðilum enda fáir sem myndu taka þátt daginn eftir nema slökkviliðshlutinn, björgunarsveitin, æfingastjórn og ráðgjafar.

Punktar frá fundi að lokinni skrifborðsæfingu á föstudeginum

- Góð fjarskipti
- Seinna rennsli flott
- Völlur, stöð og vörugeymsla, endurvarpi, körfubíll, lögreglubílar
 - Sæfell, haugar mögulega með verra fjarskiptasamband
- Aðhlyningarstjóri til vettvangsstjórnar
- Muna að vikka út fjarskiptaskipulag ef þörf er á
- Flutningur á SSS, láta vita þegar kominn til baka
- AST gekk ágætlega
- Muna þarf eftir skráningu hópa í aðgerðagrunn
- Möguleiki að nota Herjólf í flutning, ræddir kostir og gallar við það
- Hefði jafnvel átt að bæta við fleiri skrifborðsæfingum þar sem að æfingin sjálf yrði í minni mynd á laugardeginum
- Góð leiðsögn á æfingunni

Punktar frá fundi að lokinni æfingu á flugvellingum á laugardeginum

Í lok æfingar komu saman starfsmenn Isavia, æfingastjórn og ráðgjafar ásamt slökkviliði Vestmannaeyja. Kosturinn við að bara vera með slökkviþáttinn er að þá gafst meira rými til að kryfja hann betur.

Elva Tryggvadóttir þakkar fyrir góða æfingu sem á heildina gekk mjög vel, alltaf eru einhver lærdómsatriði sem við getum tekið með okkur eftir svona æfingu. Við eru að æfa með óvenjulegum hætti í dag þar vegna Covid-19 en mikilvægt að halda svona æfingu þótt aðstæður séu aðeins aðrar en vanalega.

Vegna aðstæðna var aðeins verið að rýna slökkvi- og björgunarþátt á SLY, engar aðrar bjargir komu að úrlausn nema einn lögreglubíll í innri lokunum.

Isavia, flugvallarþjónusta

- Boðun gekk vel út turni, farið eftir verklagi og boðun gekk vel fyrir sig.
- Útkall flugvallarslökkviliðs gekk vel undir 3 mín stoppuðu heldur langt frá, hefðu átt að fara nær.
- Gekk að öðru leiti vel.

Slökkvilið Vestmannaeyja

- Uppkallið í byrjun, vani hjá slökkviliði, fékk svar eftir annað kall við 112.
- Spilaðist úr þessu eins og við var að búast.
- Viðbragðið gott sem það almennt er.
- Skipulag slökkviliðs hefðbundið og gekk vel, vita að það gæti verið með öðrum hætti í raun.
- Sendibíllinn, tryggðu vettvang, lyftu bílnum, klippuvinna gekk vel margir slasaðir í bílnum.

Almenn umræða

Ráðgjafi slökkvi og björgunarþjónustu: Grétar Isavia mjög vel unnið, ekkert út á vinnu að setja, það mætti tala betur við dúkkurnar eins og um slasað fólk væri að ræða. Framkvæmd slökkvilið Vestmannaeyja til fyrirmyndar.

Áttu að tryggja vettvanginn en þarna voru farþegar í kringum eld, farið var með tvo stúta á sitthvort flakið, fóru óvart inn í bílinn sem átti að vera klippivinna. Flugvallarslökkviliðið kom með sög gekk ágætlega að nota hana í flakinu. Gekk vel að bjarga slösuðum úr flakinu. Stjórnandinn þurfti að lækka aðeins í fjarskiptunum sínum þegar hann var að ræða við menn á slysstað. Umræða um notkun á leikurum í klippiverkefnum.

Ráðgjafi Brandur Isavia, gekk vel að þeirra mati, flugvallarslökkviliðið hefði mátt fara lengra en þeir gerðu. Voru á móti reyk og sáu kannski ekki vel. Handlínu vinna eftir það. Gekk vel og vel gert.

Eins með slökkviliðið og flugvallarþjónustu náðu ekki alveg að koma stútum kringum vettvanginn hefðu mátt fara nær.

Missti óvart björgunarmann inn í bílinn en átti að vera klippivinna. Settu svo aftur gínurnar inn og farið var í klippivinnu. Fumlaust vel að öllu staðið.

Notuðu dufttæki inn í háprýstinginn, vatnsöflun áskorun. Tankbíllinn getur fyllt einu sinni á dælubíla slökkviliðs og flugvallarþjónustu.

Bráðaflokkun, fínt að vera með sjúkrabílinn frá byrjun hann kemur með á vettvang strax. Þetta er venjan hér og virkar vel byrjað strax að greina. Losun fastra gekk einnig vel.

Mikilvægt að björgunarfélagið sé nýtt á vettvang ekki í lokanir, á meðan lífsbjargandi fasi er í gangi. Geta einnig nýst sem stoð við slökkvilið í vatnsöflun o.fl.

Umræða um fjarskipti, Blár 9-1 vs. 9-0. Engin niðurstaða en kostir og gallar við hvora leiðina sem er.

Aðrir ráðgjafar tóku til máls, ekkert í viðbót við það sem hér að ofan er kom fram.

Hermann Karls, nota kallmerki og hlutverkin við notkun fjarskipta.

Viðar spyr hvort menn viti hvað er í hvaða bíl Isavia, slökkviliðsstjóri – já við höfum ákveðna þekkingu á Isavia bílum en ekki allir með þekkingu á öllum bílum. Gátlistar í öllum slökkvibílum. Mætti gera gátlista fyrir Isavia bílinn.

Þrátt fyrir að æfingin hafi verið með óvenjulegu sniði gekk hún vel, aðilar unnu vel saman eins og við var að búast. Vettvangurinn var áskorun sem menn stóðu vel undir.

Elva þakkar fyrir góðan fund, ekki fleira fært til bókar.

4.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar, vettvangsstjórn og aðgerðastjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum á skrifborðsæfingunni.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð.

4.2.1 Almannaþingin (1)

- Vel að undirbúningi og æfingu staðið.
- Allt er snéri að undirbúningi var til mikils sóma og fumlaus vinnubrögð.
- Rauði krossinn aðeins út undan í skrifborðsæfingunni.

4.2.2 Isavia (5)

- Undirbúningur
 - Góð dagskrá, fólk almennt virðist þekkja sitt hlutverk.
 - Fundir góðir og slökkviliðsmenn áhugasamir.
 - Fyrirlestrar gengu almennt vel, tímasetningar stóðust í heildina þó einstaka fyrirlestrar fóru fram yfir tíma.
 - Mikilvægt að ráðgjafar sem taka að sér fræðslu geri það vel, fræðsla okkar til heimamanna á að vera framúrskarandi.
 - Það gekk allt saman mjög vel.
 - Samvinna við tengiliði í eyjum varðandi undirbúning æfingadaga gekk mjög vel þrátt fyrir knappan tíma til umræða. Reynt að koma til móts við þarfir og óskir allra. Gera þarf betur ráð fyrir að margir viðbragðsaðilar eru í mörgum hlutverkum, slökkvilið, björgunarsveit, sjúkraflutningar. Áskorun að slíta sundur æfingaparta og í raun meiri þörf fyrir stuðningsleik til að fá betra flæði en gekk þó nokkuð vel í þessari fyrstu tilraun.
- Slökkviæfing
 - Tími á brautarenda nokkuð góður, fóru fram hjá hindrunum (brúðum), sem lágu á brautinni, staðsetning suð/vesturendi flugbrautar.

- Isavia starfsmenn fremur lengi að setja á sig öndunarbúnað, slökkvibíl lagt of langt frá vettvangi og ekki rétt staðsettur miðað við vindátt. Staðsetning suð/vesturendi.
- Ljúka þarf þjálfun starfsmanna Isavia, nauðsynlegt að þeir klári fornamið.
- Þriðja æfing eins ráðgjafa í Vestmannaeyjum, gaman að sjá framfarir hjá báðum liðum.
- Slökkvilið flugvallar leystu sitt verkefni vel, staðarlið vann vel með vallarliði.
- Ánægður með æfinguna allt unnið af fagmennsku.
- Skrifborðsæfingin góð, vettvangsæfingin góð.
- Þurfum að skoða viðbragð flugvallarþjónustu. Starfsmaður í turni á að fara á vettvang, vera með bunker gear í brautarbíl og fara beint á vettvang ekki í vélageymslu, annar starfsmaður á vakt á að vera í vélageymslu og koma með slökkvibíl á slysstað. Eins og oft áður vantar verklag um viðbragð, sem er afar mikilvægt að sé skráð.
- Rennslið á skrifborðsæfingunni gekk vel hjá öllum aðilum og svo stóðu slökkvilið Vestmannaeyja sig frábærlega á verklegu æfingunni.
- Isavia starfsmenn þurfa mun meiri þjálfun í verklegum æfingum.
- Fylgja þarf betur eftir þjálfun starfsmanna á vellinum og hafa hana markvissari.
- Skrifborðsæfing
 - Aðilar vel samstilltir og áhugasamir um verkefnið. Góður lærdómur að ná aðilum saman í skrifborðsæfinguna.

4.2.3 Rauði Krossinn (1)

- Undirbúningur
 - Uppfærðum skráningu sjálfboðaliða í neyðarvörnum. Neyðarvarnakerran yfirfarin og allt klárt. Náðum að hitta aðgerðastjórn og fara yfir hlutverk hennar í aðgerðum.
 - Mögulega hefði verið hægt að hitta stærri hópa og reyna að hitta fleiri sjálfboðaliða á svæðinu.
- Skrifborðsæfingin
 - Skrifborðsæfingin gekk þokkalega og okkar fólk í AST lærði heilmikið.
 - Gekk í heild vel en auðvitað hefðum við viljað geta verið með þjálfum fyrir fleiri sjálfboðaliða.
 - Takk fyrir góðan undirbúning og samveru.

4.2.4 Slysavarnafélagið Landsbjörg (1)

- Kom lítið að undirbúningi og fékk allt svoldið „í hausinn“.
- Hefði viljað getað undirbúið sig betur og fengið betri upplýsingar.
- Þátttakendur í verklegri æfingu björgunarsveitar hefðu mátt taka æfinguna af aðeins meiri alvöru.

4.2.5 Samhæfingarstöð

Samhæfingarstöð tók ekki þátt að þessu sinni þar sem æfingarformið var breytt. Aðili frá AVD var þó í hlutverki SST á skrifborðsæfingunni.

4.2.6 Leikarar










Engir leikarar tóku þátt í æfingunni á vegum Isavia og almannavarna að þessu sinni sökum Covid.

Björgunarfélag Vestmannaeyja fékk nokkra leikara í sína æfingu en ekki var gerð formleg rýni á meðal þeirra.

4.3 Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Alls tóku 14 aðilar þátt í rafrænni rýni.

 Neyðarlínan 112	0
 Lögregla	0
 Flugvallarþjónusta Isavia	1
 Slökkvilið	7
 Heilbrigðisþjónusta	2
 Svæðisstjórn björgunarsveita	0
 Björgunarsveit	3
 Rauði krossinn	0
 Other	1

4.3.1 Það sem vel var gert

4.3.1.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Allt gekk vel	Allir
Það gekk bara allt nokkuð vel og vel skipulagt	Allir / Æfingastjórn
Fundir og fræðsla gengu bara vel	Allir
Flest var í góðu lagi	Allir
Var ánægður með fundi og fræðslu	Æfingastjórn
Sú fræðsla sem var í boði gekk vel.	Æfingastjórn
Skipulag og skrifborðsæfing.	Æfingastjórn
Að flest allt skipulag var til staðar	Æfingastjórn
Undirbúningur til fyrirmyndar	Æfingastjórn
Allir þeir fundir sem ég tók þátt í gengu vel. Lentum í brasi með að manna okkar þátt í skrifborðsæfingunni en það slapp. Samskiptin við SL gengu vel og vel brugðist við aðstoð við að finna námsskeið við hæfi. Hópslysanámsskeiðið reddaðist fínt með Brand í fjarfundi og Elvu í bráðaflokkuninni, en ég ætlaði sjálfur að kenna það en átti að vera á sama tíma á námsskeiði hjá slökkviliðinu svo Elva reddaði því á meðan. Það var góð	Æfingastjórn

redding hjá hópnum að hópast á Brothers og horfa á setninguna þaðan, vantaði bara að þangað kæmu fleiri.	
Skrifborðsæfingin	Æfingastjórn
Allt	Allir
Fundir öll fræðsla var skilvirk, þannig að hún komst til skila.	Æfingastjórn Ráðgjafar

4.3.1.2 Æfingin sjálf – tilgreinið æfingu

Rýnipunktur	Eigandi
Allt gekk mjög vel.	Allir
Það sem gekk val var að það voru allir duglegir og gerðu sitt besta (björgunarsveit Sæfell)	Björgunarfélag
Skrifborðsæfing gekk vel	Allir
Skrifborðsæfing gekk vel hjá slökkviliðinu og var góður undirbúningur fyrir aðalæfinguna. Slökkviliðsæfingin sjálf gekk svo mjög vel og gekk flest allt upp sem lagt var upp með. Vinnubrögð voru fumlaus, slökkvívinnna gekk greiðlega, fjarskipti voru góð. Klippuvinnna gekk vel en var erfið og krefjandi. Slökkviliðs/sjúkraflutningamenn gátu strax hafið bráðaflokkun og leit að slösuðum og gekk það mjög vel. Í heildina þá gekk öll æfingin mjög vel þrátt fyrir breytt fyrirkomulag og að marga vantaði inn í keðjuna. Varðandi það að nota dúkkur í klippuvinnu þá erum við sammála um það að þetta sé mjög sniðugt fyrirkomulag og ætti að nota framvegis t.d. með þeirri útfærslu að dúkkur eru notaðar á "vondum" stöðum og í klippuvinnu og svo þegar búið er að "bjarga" út þá geti leikarar (sem myndu bíða á hliðarlínunni t.d. í rútu) tekið við hlutverkinu. Þetta myndi minnka álag á leikara og koma í veg fyrir óþarfa sly, ofkælingu o.fl. þar sem aðstæður við klippuvinnu og björgun eru hættulegar og erfiðar.	Slökkvilið Ráðgjafar
Mér fannst samskipti á milli vera mun betri en áður við kunnum betur á tetra það voru líka færri á rásunum.	Allir
Framkvæmd æfingar	Æfingastjórn Ráðgjafar
Samskiptin gengur bara vel	Allir
Slökkviliðsins fannst mér ganga vel.	Slökkvilið
Allir með sitt á hreinu	Allir
Fumlaus vinnubrögð	Allir
Skrifborðsæfingin gekk heilt yfir vel að mér fannst. Slökkviæfingin: Mjög gott að hafa dúkkur inni í bílunum hvort sem er covid eða ekki og er alveg	Allir Æfingastjórn Ráðgjafar

málið að halda því áfram. Gott að hafa grænu létta en hefði viljað sjá þá alvöru sjúklinga. Grátandi barnið hafði áhrif og virkaði flott.	
Bæði skrifborðs og raunveruleg æfing gekk vel	Allir
Flest allt	Allir

4.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

4.3.2.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Skipulagið hefði mátt birtast fyrr og það er ekki tekið nóg tillit til þess að þetta eru mikið til hlaupaleið. Og fólk að vinna kl. 8.00 til 17.00 c.a	Æfingastjórn
Það er svo sem ekkert sem ég get sagt að hefði mátt fara betur	-
Auðvitað má alltaf gera betur og svo lærir sem lifir	Allir
Skoða þyrfti tímasetningu á fundum og fræðslu betur þar sem t.d. í slökkviliði eru margir í fleiri en einni viðbragðseiningu s.s. sjúkrabíl o.fl. og þurfa því að velja og hafna þeirri fræðslu sem er í boði.	Æfingastjórn
Undirbúningur var bara góður	Æfingastjórn Allir
Dagskráin skaraðist eitthvað, þannig að við gátum ekki hlustað á sálgæsluna, sem hefði verið mjög gott. Gekk erfiðlega að komast inná fundina í undirbúningnum, og hefði mátt passa að fleiri innan heilbrigðisþjónustunnar hefðu fengið boð á þá fundi.	Æfingastjórn Allir
Bara sáttur	-
Hópaskipting	Æfingastjórn
Fundir og fræðsla góð	Æfingastjórn Ráðgjafar
Æfingin sjálf hefði vel getað verið keyrð með öllum, og allt í staðfundi. Spurning hvort ekki megi dreifa þessu meira inn á vikuna, allir sem vilja vera með sitt seinnipartana og margir bæði í slökkviliðinu og Björgunarfélaginu sem misstu þá af fræðslunni öðru hvoru megin. Mikið af fræðslunni á einnig við báða hópana og kannski ekki við hæfi að einblína fyrirlestra á ákveðin hóp heldur vera í boði fyrir alla sem áhuga hafa á efninu.	Æfingastjórn
Fara betur yfir fjarskipti	Æfingastjórn Slökkvilið Vestm.
Kynning á þeim vélum sem lenda hér til þess að menn viti sem best hvað þeir eru að eiga við.	Slökkvilið Vestm.
Það mætti æfa samskipti í tetra oft.	Slökkvilið Vestm.

4.3.2.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
Ekkert sem snýr að ykkur	-
Það hefðu mátt vera fleiri sem mætu á æfinguna miða við fjölda fórnarlamba en annars bar mjög flott æfing (björgunarsveit Sæfell)	Björgunarfélag
Aðstaða aðgerðarstjórnar þyrfti að vera í einu rými	AST
Á skrifborðsæfingu hefði mögulega mátt skipta upp í fleiri talhópa (og æfa það) í stað þess að vera með allan hópinn á 9-0. Á slökkviæfingunni sjálfri vantaði aðeins upp á fjarskipti í byrjun þ.e. uppkall til "Neyðarlínu". Þetta hefur komið fyrir áður en mjög gott er að hafa einhvern sem a.m.k. leikur NL svo við getum æft eðlilegt uppkall þegar við förum af stað auk þess að fá strax upplýsingar frá NL (en svar barst áður en fyrsti bíll var kominn á völlinn). Gott hefði líka verið ef leiðbeinandi hefði tekið strax á móti björgunarstjóra og miðlað þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru í byrjun s.s. varðandi klippuvinnu og fl. (en þeim var svo komið til skila eftir nokkrar mínútur). Spurning er líka hvort fleiri hefðu ekki getað tekið þátt þrátt fyrir Covid takmörk??? t.d. hefði aðgerðarstjórn væntanlega geta komið saman í sínu hólfi, lögreglan getað æft vettvangsstjórn/fjarskipti sitjandi í bíl á svæðinu, dúkkum hefði mátt safna saman eftir greiningu og þær hefðu getað farið í flugstöð þar sem nokkrir aðilar frá HSU hefðu getað tekið æfingu í greiningu, áverkamati og aðgerðum? En miðað við fyrstu tilraun af þessu fyrirkomulagi þá held ég að þetta hafi gengið nokkuð vel.	AST Æfingastjórn Ráðgjafar
Það þarf að vera nákvæmari vinnuleiðbeiningar í turni hvað hver á að gera miðað við 1. 2. 3. á vakt	Isavia
Ekkert	-
Hefði viljað hafa aðra borðæfingu, eina æfingu og svo hina eiginlegu "æfingu" þar sem við tókum ekki þátt í æfingunni á vettvangi	Æfingastjórn
Get ekki fundið að neinu.	-
Nær hnökralaus	-
Skrifborðs: VST loggaði ekkert í grunninn og spurning hvort AST-SST sjái um fjarskiptalogginn fyrir VST. Vantaði skýra verkaskiptingu innan VST. Slökkvilið og björgunaræfingarnar: Í ljósi engra eða fárra smita í samfélaginu hefði átt að vera einfaldara að sameina æfingarnar í eina og taka HSU með í æfinguna, hefði verið betra að vera með klára eðlilega æfingu sem plan A, hefði verið svo hægt að taka plan B ef einhver smit hefðu verið í samfélaginu.	AST VST Æfingastjórn
Alltaf má gera betur í fjarskiptamálum	Allir
Held ekki.	-

4.3.3 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

Rýnipunktur	Eigandi
Bara það að muna að flestir slökkviliðsmenn, sjúkraflutningar og björgunarsveitir er í vinnu annars staðar á dagvinnu.	Æfingastjórn
Takk fyrir góða æfingu	Allir
Takk fyrir góða æfingu og takk fyrir að halda svona viðburð reglulega. Þetta er ekki einfalt verk en í dag eru í gildi hér í eyjum fjórar áætlanir sem allar eru í grunninn eins og ekki einfalt verk að æfa þær allar verklega. Því kemur sér gríðarlega vel fyrir viðbragðsaðila að fá svona góða verklega æfingu með reglulegu millibili.	Æfingastjórn Allir
Það mætti vera oftar æfingar með öðrum en okkur sjálfum á vellinum.	Isavia
Margt innanhúss sem hægt er laga sem við tökum út úr æfingunni. Nauðsynlegt að hafa æfingu reglulega	HSU
Bara sáttur með gott skipulag og krefjandi vettvang.	Æfingastjórn Ráðgjafar
Að vonandi verið ekki aftur covid æfing	Allir
Er möguleiki að einfalda alla stjórnun. Er möguleiki að sameina björgunarstjóra og vettvangsstjóra ?	Almannavarnir
Takk fyrir.	Allir

4.3.3.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 8,85 af 10.